


PRUSA LEIÐBENINGAR



LÁTUM DRAUMANA RETAST

PRUSA

Vertu búinn að gera skjalið þitt tilbúið í Prusa slicer og vista það á SD kortið áður en þú hefst handa hér.

Þegar kveikt er á vélinni sérð þú skjáin framan á Prusuni, þar getur þú séð:

Vinstra megin:

Hiti stúts

Hiti borðs

% af prenti búið

Hægra megin:

Z-ás staðsetning


Hraði prents

Tími eftir af prenti

Neðst: Stöðu stika prentarans

Hægra megin við skjáinn eru tveir takkar, stýrihnappurinn og endurstillingnapurinn

Til að stilla vélina notar þú sýrihnappinn hægra megin á stjórn borðinu, til að velja eitthvað ýtir þú á hann og til að skruna niður snýrð þú hnappnum.



AÐ SETJA SD KORTIÐ Í




1. Settu SD kortið í á vinstri hlið stjórnborðsins
2. Þá opnast beint Print from SD (prenta af SD korti).
3. Ef rétt efni er í prentaranum getur þú farið beint af bls. 5.
4. Ef þarf að skipta um efni ferð þú í Back.



LÁTUM DRAUMANA RÆTAST





AÐ TAKA EFNI ÚR

1. Smeltu á stýrihnappinn til þess að fara í valmynd.
2. Snúðu stýrihnappinum þar til þú kemur að Unload filament (losa efni).
3. Veldu hvaða efni er í.
4. Þá fer stúturinn að hita sig upp til að geta losað efnið.
5. Þegar hann er búinn að hita sig upp kemur upp þessi texti Press the knob to unload filament þá ýtir þú á stýrihnappinn og efninu er dælt út úr hausnum á vélinni
6. Taktu við efninu og gagtu vel frá því, á rúllunum eru göt til að láta plast þráðinn í til að efnist flækist ekki.



AÐ LÁTA EFNÍ Í

1. Snúðu hnappinn þar til þú kemur að Load filament (losa efni).
2. Stingdu plast þræðinum í gatið ofan á hausnum, það eru girar inni sem munu taka á móti efninu
3. Prusan mun dæla út smá efni, svo mun hún spurja Filament extruding with correct color? (er réttur litur af plasti að dælast út?)
 - Ef svarið er nei velur þú No og Prusan dælir aðeins meira og spyr aftur
 - Þegar svarið er já velur þú Yes og þá ert þú búinn að láta í nýtt efni.



AÐ KVEIKJA Á SKJALI

Passaðu að SD kortið sé í

1. Farðu í valmynd.
2. Smelltu á Print from SD (prenta af SD korti).
3. Findu þitt skjal, Skjalið fer efst á listan nema það sé of mikið á SD kortinu þá þarftu að skrolla niður og finna þitt skjal.

Prentarinn mun hita sig upp og mæla borðið áður en hann byrjar að prenta.

Mikilvægt er að fylgjast með fyrstu 1-2 lögnum, ef plastið byrjar að brettast upp frá borðinu þarft þú að stoppa prentið og láta smá meira límstifti á borðið og láta aftur í gang.



AÐ VERKI LOKNU

Taktu prentið þitt af vélinni ef það er stíft getur þú tekið borðplötuna af og sveigt hana örlítið til þess að losa prentið af.

Passaðu að ganga snirtilega um vinnusvæðið.